

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. maí 2023
Málsnúmer: 202303-0073
IAS/BK/OKV

Efni: Umsögn um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið við Varmárósa.

Vísað er í bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 31. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stjórnunar – og verndaráætlun fyrir friðlandið við Varmárósa.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér áætlunina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Þar sem nýbúið er að friðlýsa Blikastaðakró - Leiruvog sem friðland sem liggur að friðlandinu Varmárósa væri þá ekki eðlilegt að vera með eina sameiginlega stjórnunar og verndaráætlun fyrir bæði svæðin? Bæði svæðin eru innan mikilvægs fuglasvæðis:

(<https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/blikastadakro-leiruvogur>)

og tilnefnd á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fugla:

<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/blikastadakro-leiruvogur>.

Á blaðsíðu 24 stendur:

„*Svæðið er að mestu votlendi ...*“ – fitjar teljast til strandlendis svo að mögulega þarf að endurskoða þessa fullyrðingu. Skv. vistgerðakorti er meirihluti svæðisins sjávarfitjungsvist.

„*með fleiri og fingerðari blómhnoðu*“ hér á að vera: “... blómhnoðum”

„*húsapunktur*“ – taka út k-ið svo að úr verði „húsapunktur“

Á blaðsíðu 25.

Húsapunktur sem framandi ágeng tegund. Skv. Herði Kristinssyni o.fl. í Flóru Íslands, Blómplöntur og byrkingar frá 2018, þá er talið að húsapunktur hafi borist til landsins skömmu eftir landnám. Skv. Pawel Wasowicz í Annotated checklist of vascular plants of Iceland (https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_57.pdf), er tegundin talin vera archeophyte, s.s. tegund sem barst til landsins fyrir 1800 og hefur náð fótfestu (sjá skilgreiningu á archeophyte í Pawel Wasowicz 2018, Archaeophytes in Iceland, <https://pbsociety.org.pl/journals/index.php/asbp/article/view/asbp.3608/7609>). Vegna þessa er varla hægt að tala um tegundina sem framandi. Í drögunum þarf e.t.v. að halda betri aðgreiningu í umfjöllun, um framandi ágengar tegundir annars vegar og húsapunktur hins vegar, til að ekki megi túlka sem svo að húsapunktur falli undir þá skilgreiningu. Hitt er svo annað mál að þótt húsapunktur sé ekki framandi ágeng tegund, er vel líklegt að það þurfi að halda honum í skefjum til að viðhalda búsvæði fitjasefs.

„*svo sem lúpína og kerfill*“ – tegundirnar heita alaskalúpína og skógarkerfill, spurning um að skrifa það út í textanum en talað er um lúpínu og kerfil á nokkrum stöðum.

„*Stefna ber að því að vakta útbreiðslu lúpínu og annarra tegunda er teljast framandi og ágengar innan friðlandsins. Meðal þeirra tegunda er húsapunktur.*“ – Hér þarf að lagfæra orðalag þannig að ekki megi skilja sem svo að húsapunktur sé framandi ágeng tegund.



Á bls. 28:

„...sjaldgæfar tegundir sést við Varmárósa eins og rauðhöfðaönd, urtönd og jaðrakan.“ Engin þessara tegunda telst sjaldgæf.

Upptalning á fuglum á valista er ekki tæmandi (vantar t.d. tjald og svartbak). Í lok sömu málsgreinar er vitnað í vef Náttúrufræðistofnunar en þessar upplýsingar eru ekki þaðan.

Tillaga að texta: „Fuglalífið er mikið árið um kring en svæðið er sérstaklega mikilvægt á fartíma. Að vori má helst nefna stóra hópa af margæsum, rauðbrystingum og lóuprælum og að hausti eru þar heiðlóur í hundraðatali. Tjaldur er algengur árið um kring og mikill fjöldi máfa nýtir svæðið, sérstaklega að vetri til og á þeim tíma árs má einnig oft sjá tugi brandanda. Meðal sjaldgæfari tegunda sem sjást má nefna gargönd, grafönd, gulönd, fálka og haförn.“

Til viðbótar eru nokkrar meinlegar villur í textanum og þó það sé ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar að lesa yfir texta þá er bent á nokkrar hér:

Á bls. 7 stendur:

„Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Varmárósa er að vera stefnumótandi skjal sem lýsir framtíðarsýn og þeim“ Þetta þarf að endurorða.

Á bls. 8: „Listi yfir samráðsaðila er hér.“ Hér er hvorki listi né virkur tengill.

Á bls. 9: „Friðlandið við Varmárósa var friðlýst árið 1980.“ Þetta má orða betur.

Á bls. 13:

- „Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Ríósamningurinn), fullgiltur árið 1995.
Eftirfarandi markmið samningsins tengjast beint hinu friðlýsta svæði.“

Hér vantar markmiðin.

Á bls. 30:

„Óheimilt er að fara með hunda inn í friðlandið á varptíma þeirra frá 1. maí - 15. ágúst sbr. samþykkt um hundahald Mosfellsbæjar.“ Hér er orðinu „þeirra“ greinilega ofaukið.

„Útivistarfólk er beðið um að vernda fuglalífið í friðlandinu, ...“ Varla er ætlast til þess að útivistarfólk sé að standa í einhverjum aðgerðum til verndar fuglalífi?

Heildarskrá a bls. 35:

Tengill á heimild nr. 1 vísar á allt aðra grein en grein Jóhanns Óla um fugla.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur